

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/181****2025/EES/59/05****frá 31. janúar 2025****um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2393 að því er varðar niðurfellingu á
framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Leyfi fyrir natríumbísúlfati var endurnýjað til 10 ára sem föðuraukefni til notkunar fyrir allar dýrategundir, aðrar en lagardýr, í floknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „rotvarnarefni“ og fyrir allar tegundir landdýra aðrar en ketti, minka, gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „sýrustillar“ með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2393 ⁽²⁾. Með henni var einnig felld úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1416 ⁽³⁾.
- 2) Hins vegar var framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416 felld úr gildi fyrir mistök þar eð notkun á natríumbísúlfati var leyfð til 10. september 2025 með þeirri framkvæmdarreglugerð fyrir lagardýr sem föðuraukefni í floknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „rotvarnarefni“ og fyrir lagardýr sem gefa af sér afurðir til manneldis sem föðuraukefni í floknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „sýrustillar“.
- 3) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2393 með því að fella brott ákvæðið um að fella úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416 og breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416 til að tilgreina þær dýrategundir þar sem notkun á natríumbísúlfati er áfram leyfð til 10. september 2025.
- 4) Til að koma í veg fyrir röskun á markaði og skaðleg áhrif fyrir viðkomandi rekstraraðila vegna þess að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416 var fyrir mistök felld úr gildi ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst og gilda afturvirkir frá gildistökudegi framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2393.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/181, 3.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2393 frá 9. september 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir natríumbísúlfati og leyfi fyrir nýrri notkun efnisins sem föðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2024/2393, 10.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2393/oj).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1416 frá 20. ágúst 2015 um leyfi fyrir natríumbísúlfati sem föðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 220, 21.8.2015, bls. 11, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2015/1416/oj).

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/2393

Í stað 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2393 kemur eftirfarandi:

„3. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1416 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) Í fimmta dálki sem ber yfirskriftina „Tegund eða flokkur dýra“ kemur flokkurinn „Lagardýr“ í stað flokksins „Allar dýrategundir aðrar en kettir og minkar“ og flokkarnir „Kettir“ og „Minkar“ falla brott.
- b) Færslurnar „20 000“ og „10 000“ í áttunda dálki sem ber yfirskriftina „Hámarksinnihald“ falla brott.
- 2) Í stað flokksins „Allar dýrategundir aðrar en kettir, minkar, gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis“ í fimmta dálki sem ber yfirskriftina „Tegund eða flokkur dýra“ í II. viðauka kemur flokkurinn „Lagardýr sem gefa af sér afurðir til manneldis“.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. september 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
